

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 1993

11. ágúst 1993

609

Nr. 320

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum í Berufjarðarál.

1. gr.

Frá kl. 16.00 11. ágúst 1993 til og með 31. ágúst 1993 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði í Berufjarðarál, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°23'N – 13°40'V
2. 64°23'N – 13°20'V
3. 64°12'N – 13°20'V
4. 64°12'N – 13°40'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi kl. 16.00 11. ágúst 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. ágúst 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

10. ágúst 1993

REGLUGERÐ

Nr. 321

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á fiskveiðiarinu 1. september 1993 til 31. ágúst 1994, á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 sbr. lög nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 skal greiða fast gjald 12 000 kr.

B 43

Steindórsprent Gutenberg hf.